

# Skýrsla mótanefndar Skugga 2012

Í mótanefnd eru Sigurður Einar Stefánsson formaður, Snorri Elmarsson, Jón Kristján Sæmundsson, Hrannar Hjaltason, Óskar Sverrisson og Pétur Sumarliðason. Tengiliður nefndarinnar við stjórn er Reynir Magnússon.

Starf mótanefndar Skugga var mikið og fjölbreytt allt árið. Hélt nefndin tíu til fimmtán kvöldfundi vegna undirbúnings fyrir mót og skiptu menn á milli sín hinum ýmsu verkum þar að lútandi. Var þetta hin besta skemmtun oft á tíðum, voru þeir fljótlega færðir heim til Péturs þar sem veitingarnar voru ekki af verri endanum sem útskýrir kannski fjölda funda;)

Á fyrsta fundi mótanefndar voru lögð drög að því hversu mörg mót skyldi halda árið 2012 og voru dagsetningar á okkar helstu mótum niður negldar. Kom í ljós að mótin yrðu hátt í tíu á árinu.

Í samstarfi við Faxa héldum við KB mótaröðina líkt og síðustu ár. Í mótaröðinni voru 3 mót og var þátttaka mjög góð upp undir 100 skráningar á mót. Gengu þau ágætlega fyrir sig þrátt fyrir smá byrjunarörðugleika og voru vegleg verðlaun veitt í öllum flokkum.

Húsasmiðjumót var eitt og sér. Gekk það ágætlega þrátt fyrir að það hafi verið sett á með stuttum fyrirvara og litlum undirbúningi.

Í Firmakeppni Skugga var mjög góð þátttaka. Völlurinn okkar var þó ekki eins og best var á kosið en framkvæmdir við reiðvallar-svæðið voru byrjaðar og engin bönd eða staurar voru til staðar til að girða af brautir. Gekk mótið þó ágætlega og óhappalítið fyrir sig.

Opið íþróttamót Skugga var svo haldið um miðjan maí, var þátttaka mjög góð. Keppt var á nýgirtum og fallegum reiðvelli sem vallarnefnd var búin vinna að og eiga þeir heiður skilinn fyrir útlit vallarins.

Halda átti gæðingamót í lok maí en vegna lélegrar þátttöku var það slegið af. Vonum við að betri þátttaka fái á næsta ári.

Í júní var haldin úrtaka fyrir LM 2012. Var hún haldin sameiginlega af öllum hestamannafélögum á vesturlandi á félagssvæði Skugga og gekk hún mjög vel. Þökkum við gott samstarf við Faxa, Glað, Snæfelling og Dreyra á því móti.

Í ágúst var haldið bikarmót Vesturlands sem halda átti á Kaldármelum og stóð til að mótanefnd Skugga hjálpaði til við framkvæmd þess, það mót var hinsvegar haldið í Stykkishólmi og þurftu því mótanefndarmenn lítið að þeim málum að koma.

Sérstaklega skal minnst á að mót sem haldið var í apríl, svokallað Húsamót Skugga, sem byggt var upp á hugmyndum mótanefndar. Mótið fór þannig fram að keppt var á milli hesthúsa Skuggamanna í hinum ýmsu þrautum á hestum sem sumar voru frekar óvenjulegar. Tókst mótið með eindæmum vel og er það hald manna að þetta hafi verið fjölmennasta mót sem haldið hefur verið innan Skugga en það voru um 130 manns sem skráðu sig og var

einstaklega gaman að sjá alla flóru hestafólks Skugga taka þátt í þessu skemmtilega móti. Voru verðlaunin ekki af verri endanum en þau voru gefin af fyrirtækjum í Borgarnesi. Við í mótanefnd vonum að þetta mót verði eitt af árlegum mótum Skugga.

Að lokum vill mótanefnd þakka öllum þeim sem gáfu verðlaun og eða hjálpuðu til með vinnu við framkvæmd þeirra móta sem haldin voru á árinu, án þeirra væri þetta varla hægt. Einnig viljum við þakka gott samstarf við þau félög sem við unnum með á árinu.

Fyrir hönd mótanefndar,

Sigurður Einar Stefánsson og Pétur Sumarliðason.